

Nd.

765. Breytingartillögur

[271. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (GGP, SvH, RH, ÁrnG).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi:

- að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi,
- að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veiti starfsréttindi,
- að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum.

2. Við 3. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 38. gr.
 - b. 4. mgr. orðist svo:

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaðar) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast ráðningu hönnuða og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á hönnun verks og stjórnar framkvæmdum án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.
 - c. 5. mgr. orðist svo:

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði. Hið sama gildir um stofnkostnað við byggingu heimavistar við framhaldsskóla.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja fimm menn. Skulu fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skal af hálfu sveitastjórna gætt við tilnefningu að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórna.

Menntamálaráðherra skipar formann skólanefndar án tilnefningar. Tilnefningar- aðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd. Skólanefndir við skóla, sem ríkið rekur nú eða kunna að verða stofnaðir án þátttöku sveitarfélaga sbr. 5. mgr. 3. gr., skulu skipaðir af menntamálaráðherra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.
4. Við 8. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:

Skólanefnd og skólameistari ákveða námsframboð með samþykki menntamála- ráðuneytis.
 - b. Í stað orðanna „ber ábyrgð á“ í niðurlagi 2. mgr. komi: fylgist með.
5. Við 9. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:

Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma og ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans.
 - b. Í stað orðanna „sem skólanefnd setur“ í lok 3. mgr. komi: sem menntamálaráðuneyti setur.
6. Við 10. gr. Við 2. másl. bætist: og gerir tillögu til skólanefndar um nemendasjóðsgjöld.

7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Um almenna kennarafundi og verkvið þeirra skal ákvarðað í reglum sem menntamálaráðuneytið setur.
8. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:
Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum og kennurum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólameisturur.
9. Við 15. gr. 1. mgr. orðist svo:
Í öllum framhaldsskólum skal vera heilsuvernd.
10. Við 17. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður er orðist svo:
Í námsskrá skal kveðið á um einingafjölda til stúdentsprófs.
11. Við 19. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: Þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar, sem þess óska, haft bekkjakerfi.
12. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal lútt í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.
Heimilt er að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd kennslu og nám fatlaðra nemenda.
13. Við 32. gr. Fyrri málsl. 1. mgr. orðist svo:
Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað þeirra framhaldsskóla sem ríkið rekur nú eitt sér eða í samstarfi við sveitarfélög, svo og þeirra skóla sem stofnaðir verða samkvæmt ákvörðun Alþingis.
14. Við 38. gr.
 - a. Aftan við greinina bætist: og hafa hlotið starfsleyfi menntamálaráðuneytis.
 - b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.
15. Við 41. gr. Í stað „16/1975“ í 10. tölul. komi: 26/1975.
16. Við 42. gr. Aftan við greinina bætist: Þó skulu III. og VIII. kafli laganna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1989.
17. Á eftir 42. gr. komi svofellt **ákvæði til bráðabirgða**:
Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga, um kostnaðarskiptingu við byggingarframkvæmdir, skulu gerðir samningar um byggingarframkvæmdir halda gildi sínu.